

pá með konu sinni í húsi því, er þau höfðu tekið á leigu þar á staðnum.

Eftir því, sem þannig er upplýst í málinu, verður að álíta, að hinn stefndi hafi átt lögheimili á Akureyri fardagaárið 1888-89 og að fyrir því hafi eigi verið heimild til þess að leggja aukaútsvar á hann í Arnarneshreppi, þótt hann gegndi kennarastörfum við Möðruvallaskólann frá 1. okt 1888 til vordaga 1889. Það ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð, og eftir þessum úrslitum málsins þykir rjett, að hreppsnefndin greiði hinum stefnda 25 krónur sem málskostnaðar- endurgjald, en umbodsmanni hreppsnefndarinnar verða eigi tildæmd málflutningslaun að svo vöxnu máli.

Það vottast hjer með, að sókn málsins hefur verið lögmet fyrir yfirdóminum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður á að vera órask- adur. Áfrýjandinn, hreppsnefnd Arnarneshrepps, á að greiða hinum stefnda, Halldóri skólakennara Briem, 25 krónur upp í málskostnað, er lúkest innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 10. febrúarmán.

Nr. 1/1890

Hjð opinbera

gegn

N. S. Krüger.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað gegn kærða, lyfsala í Reykjavík N. S. Krüger, fyrir brot á helgidagalöggjöfinni, og var það dæmt fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur 9. desbr. f. á. þannig, að kærði skyldi samkvæmt 10. gr. tilsk. um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, 28. marz 1855, greiða 5 króna sekt í fátækra sjóð Reykjavíkur og allan af málinu leiðandi kostnað, en dómi þeim hefur bæði að ósk hins kærða og fyrir hönd hins opinbera verið skotið til yfirdómsins.

Kærði hefur kannast við það, að hann selji vínföng og hvað annað, er honum er heimilt að verzla með, eins á sunnudögum sem öðrum dögum, án þess það væri eptir læknisfyrirmælum, en eigi seldi hann þó vínföng í minna mæli en boðið er í lögum 10. febr. 1888, um veitingu og sölu áfengra drykkja, og álitur hann, að hann hafi heimild til að verzla þannig, eins á sunnudögum sem öðrum dögum, eptir löggjöfni um lyfsölbúðir, sjerstaklega tilsk. 4. des. 1672. Yfirdómurinn verður þó að vera undirdómaranum samdóma um, að nýnefnd tilsk. 4. des. 1672, sjerstaklega 18. gr. hennar, veiti eigi lyfsölum frekari rjett til vínfangasölu, en vínsölumenn yfir böfuð hafa, og þar sem fyrnefnd tilsk. 28. marz 1855, 3. gr., bannar alla verzlunaratvinnu á sunnu- og helgidögum og aðeins leyfir sjerstaklega lyfsölum að selja *læknisdóma* á þeim dögum, þá verður kærði að álitast með áminnztri vínsölu sinni að hafa orðið brotlegur gegn þessari tilskipun, og með því að upphæð sektar þeirrar, er hann hefur til unnið, þykir hæfilega ákveðin í undirdóminum 5 krónur og yfirdómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði hans, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í öllum greinum. Kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur máls þessa í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á óraskaður að standa; kærði, lyfsali N. S. Krüger, greiði allan af áfrýjun máls þessa leiðandi kostnað, þar með talin málfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 2/1890.

Rjettvísun

gegn

Jóhannesi Magnússyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Skagafjarðarsýslu uppkveðnum 24. ágúst m. f. á. var hinn ákærði Jóhannes Magnússon dæmdur fyrir skjalafölsun til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5 daga, svo og til að greiða allan kostnað málsins, þar með talin varnarlaun til talsmanns í hjerði, 4 kr. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.

Það er sannað með játningu hins ákærða sjálfs og öðrum skýrslum í málinu, að hann hafi í fyrra haust ritað 2 ávísanir undir nafni annars manns, Sveins Árnasonar á Yztamói, án þess hann hafi haft heimild til þess. Önnur ávísunin, útgefin 21. okt. 1888, var stýluð til kaupmanns V. Claessens á Saudárkróki, en hin, útgefin sama dag, var stýluð til verzlunarstjóra L. Poppis þar á staðnum. Hin fyrnefnda ávísanin hljóðaði um 20 kr., hin síðarnefnda um 30 kr., og áttu upphæðir þessar eptir ákvæðum ávísunarseðlanna að greidast einhverjum Jóni Davíðssyni á Klaufabrekku. Þegar hinn ákærði svo var á ferð á Saudárkrók, í fyrra haust, sýndi hann kaupmanni Claessen fyrst ávísunina, sem stýluð var upp á hann, og beiddist að fá upphæð hennar greidda, en Claessen neitaði að borga hana. Þá fór ákærði til Poppis, sýndi honum hina ávísunina, og fjekk